

Ársskýrsla

2004 – 2005

Reykjavík í febrúar 2008

Efnisyfirlit

Inngangur.	3
Starfsreglur sjóðsins.	5
Stjórn sjóðsins.	7
Skrifstofa sjóðsins.	8
Úthlutun.	10
Jöfnunarstyrkur.	13
Innheimta námslána.	14
Tölvumál.	16
Breytingar á fjármálum LÍN.	22
Töfluviðauki	24
Útlán	24
Jöfnunarstyrkur	28
Innheimta	29
Ársreikningur	31

Inngangur.

Endurskoðaðar úthlutunarreglur fyrir skólaárið 2004–2005 voru samþykktar á fundi stjórnar 14. maí 2004. Með nýjum reglum var grunnframfærslan hækkuð um 2,6% eða úr 77.500 kr. í 79.500 kr. Frítekjumarki var haldið óbreyttu í 300 þús.kr., en skerðingarhlutfall vegna tekna lækkað úr 35% í 33%. Framfærslugrunnur námsmanna, sem sýnir áætluð útgjöld einhleyps námsmanns í leiguhúsnæði á Íslandi, hækkaði um 3,1%. Við útgáfu skuldabréfa var heimilað að taka við bankaábyrgðum í stað sjálfskuldarábyrgða einstaklinga. Jafnframt var ákveðið að afleggja svokölluð “markaðskjaralán”. Samtals hélt stjórn sjóðsins 11 fundi á árinu 2004.

Í janúar setti stjórnin á fót starfshóp til að yfirfara þörf á árlegu ríkisframlagi til LÍN og óskaði jafnframt eftir tilnefningu í hópinn frá menntamálaráðuneyti, fjármálaráðuneyti og Ríkisendurskoðun. Starfshópurinn yfirfór alla þá þætti sem hafa áhrif á framlagsþörfina og skilaði skýrslu um starf sitt og niðurstöður í júlí. Þeir þættir sem ráða mestu um framlagsþörfina eru útlánafjárhæðin (fjárhæð skuldar), tekjur lánþega, markaðsvextir (reiknivextir), vextir námslána og tekjutengingarhlutfall afborgana. Einfalt reiknilíkan starfshópsins sýndi framlagsþörf LÍN um 48% útlánafjárhæðar, en samkvæmt síðustu áætlun Ríkisendurskoðunar var hlutfallið 49%.

Alþingi samþykkti breytingar á lögum um LÍN 10. mars. Með breytingunum var brugðist við niðurstöðu Eftirlitsstofnunar EFTA um réttindi EES-ríkisborgara og gert að skilyrði að lánþegar, hvort sem þeir eru íslenskir eða ríkisborgarar annars ríkis á EES-svæðinu, hafi fasta búsetu á Íslandi í tvö ár samfellt eða í þrjú ár af síðustu tíu árum fyrir upphaf þess tímabils sem sótt er um námslán fyrir.

Í júlí 2004 skipaði menntamálaráðherra nefnd til að endurskoða lög um LÍN í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2003. Þar var lögð áhersla á að sjóðurinn gegndi áfram því meginhlutverki að tryggja öllum tækifæri til náms og að hugað yrði að því að lækka endurgreiðslubyrði lánanna. Formaður nefndarinnar var Gunnar I. Birgisson, stjórnarformaður LÍN. Nefndin skilaði tillögum til ráðherra 4. nóvember og var meginefni þeirra orðið að lögum frá Alþingi 10. desember 2004.

Meginniðurstöður nefndarinnar voru:

- Núverandi lög um LÍN hafa almennt reynst góður grundvöllur fyrir starfsemi sjóðsins. Nefndin leggur því til að meginatriði laganna haldist óbreytt, en jafnframt að hugað verði að breytingum á einstökum ákvæðum þeirra.

- Árlegt endurgreiðsluhlutfall námslána verði lækkað úr 4,75% í 3,75%.

- Fjármagnstekjum verði bætt við tekjustofn til ákvörðunar árlegri tekjutengdri afborgun.

- Tekjugrundvöllur einhleypra lánþega verði útsvarsstofn og fjármagnstekjur skv. skattalögum. Tekjugrundvöllur lánþega í sambúð taki mið af útsvarsstofni og 50% samanlagðra fjármagnstekna greiðenda og sambúðaraðila þeirra.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 23. maí 2003 var lögð áhersla á að sjóðurinn gegndi áfram því meginhlutverki að tryggja öllum tækifæri til náms og að hugað yrði að því að lækka endurgreiðslubyrði lánanna.

- Lánþegum með eldri námslán verði gefinn kostur á skuldbreytingu, þ.e. að endurgreiða af lánum sínu í samræmi við nýja endurgreiðsluskilmála.

- Kærendum og stjórn LÍN verði heimilt að bera úrskurði málskotsnefndar undir dómstóla.

- Skýrt verði kveðið á um frest lánþega til að sækja um endurútreikning eða undanþágu frá árlegri afborgun. Komi í ljós að lánþegi hafi innt af hendi of háa afborgun fái hann ofgreiddu fjárhæðina endurgreidda með almennum útlánsvöxtum í stað almennra innlánsvaxta af sparisjóðsbókum.

Landsbanki Íslands hf. og LÍN náðu samkomulag um námslánaábyrgðir í október, sbr. nýja heimild í úthlutunarreglum 2004-2005. Í stað þess að tilnefna ábyrgðarmenn gátu námsmenn nú samið um bankaábyrgð á námslán sín hjá Landsbankanum, en sjálfskuldarábyrgð einstaklings hafði fram að þessu verið nánast undantekningarlaust skilyrði til að fá námslán.

Hér var um stóran áfanga að ræða fyrir LÍN og námsmenn, þar sem þess hafði verið beðið lengi að lánþegar gætu tryggt námslán sín hjá sjóðnum með öðrum hætti en uppáskrift ábyrgðarmanna. Samningurinn þýddi aukið valfrelsi fyrir alla námsmenn, mikla réttarbót fyrir þá sem eiga erfitt með að útvega ábyrgðarmenn og styrkti það markmið stjórnvalda að tryggja öllum sem eiga rétt á lánum hjá LÍN tækifæri til náms án tillits til efnahags.

Þegar samningurinn var undirritaður var almennur umsóknarfrestur um námslán fyrir skólaárið 2004-2005 liðinn og flestir umsækjendur búnir að tilgreina ábyrgðarmenn. Samningurinn hafði því fyrst og fremst þýðingu til framtíðar, auk þess sem í framhaldi hans náðust sambærilegir samningar við aðrar íslenskar bankastofnanir.

Frá árinu 1992 hefur framlag ríkisins til LÍN verið við það miðað að það beri þann raunkostnað sem lánasjóðurinn hefur af lánveitingum til námsmanna. Ríkisendurskoðun hefur reiknað kostnaðinn út frá tilteknum forsendum og var hann árið 2004 talinn nema 49% af útlánunum eins og árið áður. Að auki þarf framlag ríkissjóðs að standa undir árlegum rekstrarkostnaði sjóðsins. Til viðbótar framlögum úr ríkissjóði í samræmi við mat Ríkisendurskoðunar hafa raunlaunahækkningar og lækkandi markaðsvextir styrkt fjárhagsstöðu sjóðsins. Vextir af teknum lánum hjá Lánasýslu ríkisins fóru lækkandi á árinu 2004 og voru á bilinu 3,78%-4,53%.

Í fjárlögum fyrir árið 2004 voru almenn útlán áætluð 6.370 m.kr., þó að í raun væri gert ráð fyrir 6.600 m.kr. að teknu tilliti til ónotaðs framlags úr ríkissjóði frá árunum 2002 (142 m.kr.). Á árinu 2004 námu veitt almenn námslán samtals 6.531 m.kr. og veitt markaðskjaralán 98 m.kr. Útlánin reyndust þannig nálægt forsendum fjárlaga. Framlag ríkissjóðs var skert í fjárukalögum um 45 m.kr. vegna breytinga á gengisforsendum og lækkað úr 3.412 m.kr. í 3.367 m.kr.

Tekjuafgangur á árinu nam 2.464 m.kr. Bókfært eigið fé hækkaði um sömu fjárhæð eða úr 28.485 m.kr. í 30.950 m.kr. Núvirt eigið fé hækkaði á hinn bóginn um 1.600 m.kr. eða úr 9.600 m.kr. í 11.200 m.kr.

Frá árinu 1992 hefur framlag ríkisins til LÍN verið við það miðað að það beri þann raunkostnað sem lánasjóðurinn hefur af lánveitingum til námsmanna. Að auki þarf framlag ríkissjóðs að standa undir árlegum rekstrarkostnaði sjóðsins.

Við útreikning á raunkostnaði námslána er miðað við vegið meðaltal vaxta á teknum lánnum sjóðsins, sem reyndust vera 5,33% í árslok 2004 samanborið við 5,48% árið áður. Útistandandi námslán eru færð niður um fjárhæð sem líklegt er að ekki náist að innheimta og sérstakur afskriftasjóður myndaður í efnahagsreikningi LÍN. Framlag í hann á árinu var 741 m.kr. Endanlegar afskriftir námu 341 m.kr. samanborið við 280 m.kr. árið á undan. Afskriftareikningur útlána í efnahagsreikningi LÍN hækkaði úr 8.400 m.kr. í 8.800 m.kr.

Í fjárlögum fyrir árið 2005 voru ný almenn útlán áætluð 7.040 m.kr. og gert ráð fyrir að hætta útlánnum markaðskjaralána. Áætlunin gerði ráð fyrir ríkissjóðsframlagi að fjárhæð 3.732 m.kr. til afskrifta útlána og niðurgreiðslu vaxta og 318 m.kr. til rekstrar, samtals 4.050 m.kr. Í þessari áætlun var tekið tillit til áætlaðrar aukningar á framlagsþörf vegna breytinga í desember 2004 á lögum um LÍN.

Starfsreglur sjóðsins.

Nokkrar breytingar voru gerðar á úthlutunarreglum við endurskoðun þeirra fyrir námsárið 2004-05 og voru helstu nýmælin eftirfarandi:

1. Grein 1.1. Hert er skilyrðið sem gert er til umsækjenda varðandi búsetu á Íslandi áður en nám hefst. Nú þurfa allir umsækjendur að hafa átt lögheimili á Íslandi í tvö ár samfelld fyrir upphaf þess tímabils sem sótt er um námslán vegna eða átt lögheimili hér á landi í þrjú ár af síðustu tíu árum fyrir upphaf tímabilsins.
2. Grein 1.2.3. Nú fá erlendir ríkisborgarar lánsrétt eins og íslenskir námsmenn á þeirri önn sem samþykkt er að veita þeim ríkisborgararétt. Einnig er reglu um rétt ríkisborgara ríkja á Evrópska efnahagssvæðinu breytt í samræmi við nýsett lög þannig að þeir sem hafa búsetu héraðs vegna starfs síns, fjölskyldur þeirra og aðrir sem eru eða hafa verið á þeirra framfæri eiga rétt á námslánum eins og íslenskir námsmenn.
3. Grein 1.3.4. Undirbúningsnám í tungumálum verður að vera skipulagt a.m.k. sem tveggja mánaða nám til að geta talist lánshæft. Ennfremur er einungis veitt lán einu sinni til undirbúningsnáms í tungumálum.
4. Grein 2.1.2. Námsmaður sem flýtir fyrir sér í námi með því að ljúka yfir 100% námi á einstökum námsárum í sama ferli, getur áunnið sér rétt til sumarlána út á staðfestar umframeiningar. Veitt er aðstoð í eina viku fyrir hverjar tvær ECTS-einingar eða ígildi þeirra sem námsmaður lýkur.
5. Grein 2.3.1. Skerpt er á hugtakinu námsferill í því tilfalli þegar námsmaður lýkur yfir 100% af fullu námi skv. skipulagi skóla á einstökum önnnum eða námsárinu og ávinnur sér rétt til aukins námssvigrúms í sama námsferli. Það telst nýr námsferill skipti námsmaður um skóla eða námsgrein.
6. Grein 2.3.4. Áréttað er að aukið námssvigrúm á fyrsta misseri í nýju námi erlendis eigi einungis við fyrsta misserið í landinu, ekki þegar skipt er um nám.
7. Grein 3.1.1. Grunnframfærsla á Íslandi er ákveðin 79.500 kr.
8. Grein 3.3.4. Endanlegt tekjutillit á sér stað eftir álagningu skattfyrivalda. Séu tekjur lánþega þá áætlaðar skal sjóðurinn

ákvarða honum námsaðstoð í samræmi við áætlunina. Ákvörðunin er endanleg nema lánþegi geri athugasemd við hana innan þriggja mánaða. Skal þá heimilt að endurskoða hana í samræmi við nýjar tekjuupplýsingar staðfestar af skattyfivöldum.

9. Grein 3.4.3. Sérstakir styrkir á vegum NORDPLUS og ERASMUS eru skattskyldir og þurfa styrkþegar að færa kostnað á móti, s.s. ferðakostnað og fleira vegna námsins á framtalið.
10. Grein 4.1. 33% tekna umfram 300.000 kr. hjá námsmönnum í leigu- eða eigin húsnæði koma til frádráttar í stað 35% áður.
11. Grein 4.2.1. 33% tekna umfram 238.000 kr. hjá námsmönnum sem hvorki búa í leigu- eða eigin húsnæði koma til frádráttar í stað 35% áður.
12. Grein 4.3. Framfærsla einstæðra foreldra er grunnframfærsla sem hækkar um 35.775 kr. fyrir hvert barn vegna náms á Íslandi og um sambærilegt hlutfall af grunnframfærslu sé nám stundað í útlöndum. 33% tekna umfram 300.000 kr. koma til frádráttar í stað 35% áður.
13. Grein 4.5. 33% tekna umfram 300.000 kr. hjá námsmönnum í hjónabandi eða í skráðri sambúð koma til frádráttar í stað 35% áður.
14. Grein 4.6.1. Við bætist að ekki er veitt makalán ef maki er sjálfur lánþegi á námsárinu.
15. Grein 4.7. Lán til bóka-, tækja- og efniskaupa verða 41.000 kr. á ári á Íslandi og sama hlutfall af grunnframfærslu í námi erlendis.
16. Grein 4.8. Samanlögð lán til námsmanna vegna skólagjalda á Íslandi hækka upp í 3,2 m.kr. og vegna skólagjalda erlendis ákveðið hlutfall af þeirri upphæð, sbr. fylgiskjal II. Sjálfsfjármögnun skólagjalda hækkar í 35.000 kr. á námsárinu.
17. Grein 4.12.2. Lán vegna ferða barna til námsstaðar erlendis tekur mið af aldri þeirra á skráningardegi farseðils hjá sjóðnum.
18. Grein 4.13. Lánveitingum á markaðskjörum verður hætt frá og með 1. júní 2005 og stjórn LÍN því einungis heimilt að veita verðtryggð námslán til allt að 10 ára með 2% álagi á lægstu bankavexti fram að þeim tíma.
19. Grein 5.1.1. Sækja skal um námslán á sérstökum rafrænum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á vefnum (www.lin.is). Umsóknareyðublöðin fást einnig á skrifstofu sjóðsins.
20. Grein 5.1.2. Sækja skal sérstaklega um námslán fyrir hvert aðstoðarar. Hver umsókn gildir til loka misseris. Umsókn verður að hafa borist áður en lánshæfur námstími hefst. Sjóðnum er þó heimilt að miða við upphaf misseris hafi umsókn borist fyrir:
 30. september vegna aðstoðar til áramóta;
 31. janúar vegna aðstoðar eftir áramót fram að sumri;
 31. maí vegna sumarlána.Framhaldsumsóknir, þ.e. umsóknir frá námsmönnum sem fengu lán á námsárinu 2003-2004, gilda frá upphafi námsársins berist þær fyrir 31. janúar.

Grein 5.1.1. Sækja skal um námslán á sérstökum rafrænum eyðublöðum sem hægt er að nálgast á vefnum (www.lin.is). Umsóknareyðublöðin fást einnig á skrifstofu sjóðsins.

21. Grein 5.3.2. Ábyrgðarmenn verða að vera orðnir 18 ára og fjárráða, en enginn hámarksaldur gildir um þá. Ábyrgð lögpersónu í stað einstaklings er háð samþykki stjórnar og að um sé að ræða opinbera stofnun eða fjármálastofnun sem Fjármálaeftirlitið hefur eftirlit með. Í þeim tilvikum skal lágmarksábyrgðartími vera 10 ár eftir fyrsta gjalddaga eða 15 ár eftir að ábyrgð er veitt. Sjóðnum skal þá heimilt, með samþykki lánþega, að innheimta gjald fyrir ábyrgðaraðilann við útborgun lánsins. Að öðru leyti gilda um ábyrgð lögpersónu sömu reglur og almennt gilda um sjálfskuldarábyrgð einstaklinga.
22. Grein 5.4. Óski námsmaður þess annast sjóðurinn greiðslu gjalda vegna félagsaðildar að Sambandi íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE), Bandalagi íslenskra námsmanna (BÍSN) og Iðnnemasambandi Íslands (INSÍ). Sjóðurinn dregur félagsgjöldin af námslánum og greiðir til rétttra aðila.

Stjórn sjóðsins.

Menntamálaráðherra skipar stjórn sjóðsins þannig: Einn samkvæmt tilnefningu Stúdentaráðs Háskóla Íslands (SHÍ), einn samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra námsmanna erlendis (SÍNE), einn samkvæmt tilnefningu Bandalags íslenskra námsmanna (BÍSN), einn samkvæmt tilnefningu Iðnnemasambands Íslands (INSÍ), einn samkvæmt tilnefningu fjármálaráðherra og þrjá án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður stjórnar og annar varaformaður.

Stjórnarmenn.

Hlutverk stjórnar sjóðsins er skilgreint í 5. gr. laga.

Stjórn Lánasjóðsins eins og hún var skipuð í júní 2003:

Fulltrúi menntamálar.: Gunnar I. Birgisson (formaður)
 Fulltrúi menntamálar.: Kristín Edwald (varaform.)
 Fulltrúi menntamálar.: Agla Elísabet Hendriksdóttir
 Fulltrúi fjármálar.: Ásta Þórarinsdóttir
 Fulltrúi SÍNE.: Brynhildur Ingvarsdóttir
 Fulltrúi SHÍ.: Jarprúður Ásmundsdóttir
 Fulltrúi BÍSN: Gunnar Freyr Gunnarsson
 Fulltrúi INSÍ: Jónína Brynjólfssdóttir

Í september 2004 var Eyrún Jónsdóttir skipuð aðalfulltrúi BÍSN í stjórninni í stað Gunnars Freys Gunnarssonar. Í mars 2005 tók Anna Pála Sverrisdóttir sæti aðalfulltrúa SHÍ í stjórn LÍN í stað Jarprúðar Ásmundsdóttur. Í júní 2005 var Benedikta S. Hafliðadóttir skipuð aðalfulltrúi SÍNE í stjórn í stað Brynhildar Ingvarsdóttur.

Varamenn stjórnar á sama tíma voru þessir:

Varafulltr. formanns: Auður Guðmundsdóttir
 Varafulltr. varaform.: Margrét Einarsdóttir
 Varafullt. menntam.r.: Ásdís Rósa Þórðardóttir
 Varafulltrúi fjármálar.: Þórður H. Þórarinsson
 Varafulltrúi SÍNE: Heiður Reynisdóttir
 Varafulltrúi SHÍ: Kristín María Birgisdóttir
 Varafulltrúi BÍSN: Eyrún Jónsdóttir
 Varamaður INSÍ: Snorri Jónsson

Menntamálaráðherra skipar í stjórn sjóðsins fjóra stjórnarmenn samkvæmt tilnefningum námsmanna-hreyfinganna, SHÍ, SÍNE, BÍSN og INSÍ, einn skv. tilnefningu fjármálaráðherra og þrjá án tilnefningar og skal einn þeirra vera formaður stjórnar og annar varaformaður.

Í september 2004 var Halldór Ólafur Halldórsson skipaður varamaður BÍSN í stað Eyrúnar Jónsdóttur sem varð aðalmaður í stjórn. Í desember var Hulda Katrín Stefánsdóttir skipuð varamaður INSÍ í stað Snorra Jónssonar. Í mars 2005 var Kristínu Maríu Birgisdóttur veitt lausn frá setu sem varafulltrúi SHÍ í stjórn LÍN, í hennar stað kom Agnar Freyr Helgason. Í apríl var Anna Bergljót Thorarensen skipuð varamaður BÍSN í stjórninni í stað Halldórs Ólafs Halldórssonar.

Störf stjórnar.

Starfshættir stjórnarinnar voru með svipuðu sniði og undanfarin ár. Stjórnarmenn skiptu með sér verkum og störfuðu utan venjulegra stjórnarfunda í nokkrum nefndum, m.a. vafamála-, endurgreiðslu- og endurskoðunarnefnd.

Málskotsnefnd.

Menntamálaráðherra skipar þriggja manna málskotsnefnd og jafnmarga til vara til fjögurra ára í senn og skulu nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin sker úr um hvort úrskurðir stjórnar LÍN séu í samræmi við ákvæði laga og reglugerða.

Málskotsnefnd var þannig skipuð:

Arnfríður Einarsdóttir, lögfræðingur, formaður.

Helgi Jóhannesson, hæstaréttarlögmaður.

Sigurður Ingi Halldórsson, lögfræðingur.

Skrifstofa sjóðsins.

Skrifstofa sjóðsins er í Borgartúni 21, Reykjavík, Höfðaborg.

Starfsemin skiptist í þrjár deildir, þ.e. afgreiðsludeild, fjármála- og rekstrardeild og lánadeild. Leitast er við að á hverju sérsviði innan hverrar deildar starfi a.m.k. tveir starfsmenn eftir því sem við verður komið. Sjóðurinn er með samning við fyrirtækið Skúlasón ehf. um símsvörunarþjónustu. Símtöl sem starfsmaður á skiptiborði Lána sjóðsins nær ekki að svara fara sjálfkrafa til starfsmanna Skúlasónar sem svara fyrirspurnum eða taka niður skilaboð sem send eru áfram til starfsmanna Lána sjóðsins.

Fyrir utan hin daglegu verkefni, er unnið í deildunum að ýmsum sérverkefnum eftir því sem tilefni gefst til.

Afgreiðsludeild:

Starfssvið afgreiðsludeildar er fyrst og fremst dagleg afgreiðsluþjónusta í síma og afgreiðslusal, umsjón með vistun og skráningu skjala, faxsendinga og tölvupósts, bóka og annarra gagna, svo og ákveðin verkefni fyrir framkvæmdastjóra. Undir afgreiðsludeild heyrir umsjón með kaupum á vörum og þjónustu. Umsjón með skilum á nýjum skuldabréfum frá lánþegum og varðveisla skuldabréfa. Skráning og frágangur á uppgreiddum skuldabréfum. Eftirlit með áreiðanleika lánþega sem skuldara og ábyrgðarmanna. Umsjón með afgreiðslu markaðskjaralána. Ýmis samskipti við banka og sparisjóði vegna afgreiðslu lána. Undir deildina heyrir einnig umsjón með vefsvæðinu "Sent og svarað".

Leitast er við að á hverju sérsviði innan hverrar deildar starfi a.m.k. tveir starfsmenn eftir því sem við verður komið.

Fjármála- og rekstrardeild:

Helstu verkefni deildarinnar felast í umsjón með fjárreiðum sjóðsins, áætlanagerð og daglegum rekstri tölvukerfa. Deildin gerir áætlanir um námsaðstoð, rekstur, fjárfestingu, sjóðsstöðu og fjárför og ber saman við rauntölur. Bókhald og greiðslur reikninga, starfsmannahald og innheimta námslána er á verksviði deildarinnar. Daglegur rekstur tölvukerfa sjóðsins er á ábyrgð deildarinnar og jafnframt móttaka og sending tölvugagna, hönnum eyðublaða, framkæmd útgáfumála og prentun gagna og eyðublaða.

Lánadeild:

Á starfssviði deildarinnar eru m.a.: Ákvarðanir teknar um upplýsingar sem lánþegum er ætlað að gefa til þess að framfylgt verði reglum. Öflun upplýsinga um skipulag náms í þeim löndum og skólum sem lánþegar stunda nám, mat á skólum og námsgreinum. Vistun þeirra upplýsinga. Námsfirtlit. Kostnaðarefirtlit. Tillögugerð til stjórnar um kröfur sjóðsins til námsframvindu og útreikning námslána skv. þeim. Útgáfa upplýsingabæklinga og annars upplýsingaefnis um námsframvindu kröfur sjóðsins, úthlutunar- og vinnureglur. Ráðgjöf og viðtöl við lánþega. Samskipti við skóla, banka og sparisjóði. Umsagnir um lánshæfi náms. Skráning og úrvinnsla upplýsinga frá námsmönnum í tölvukerfi. Umsagnir um vafamál og vinnslur vegna vafamálanefndarfunda, fundargerðir og bréfaskriftir vegna þeirra. Aðstoð við framkvæmdastjóra vegna tiltekinna verkefna.

Starfsmannahald.

Í júní 2004 voru 22 starfsmenn í föstu starfi við sjóðinn. Framkvæmdastjóri sjóðsins var Steingrímur Ari Arason. Edda Kristjánsdóttir var deildarstjóri afgreiðsludeildar, Stefán Aðalsteinsson deildarstjóri fjármála- og rekstrardeildar og Hlöðver Bergmundsson deildarstjóri lánadeildar.

Aðrir starfsmenn hjá sjóðnum í júní 2004 voru:

Anna Kristín Sigurðardóttir
Ásrún Helga Kristinsdóttir
Bergljót Þórðardóttir
Guðfinna Guðfinnsdóttir
Guðbjörg Erla Benjamínsdóttir
Guðbjörn Guðmundsson
Guðrún Sesselja Grímsdóttir
Helgi Loftsson
Jóhanna Gunnarsdóttir
Jón Guðni Sveinsson
Margrét Árnadóttir
Petrína Sæunn Úlfarsdóttir
Rafn Baldur Gíslason
Rannveig Lind Egilsdóttir
Sigríður Björg Árnadóttir
Sigríður Ágústsdóttir Morthens
Sigríður Þorgilsdóttir
Sigurlína Ingadóttir

Sigríður Þorgilsdóttir hætti störfum í desember 2004. Í hennar stað var Eydís Arna Eiríksdóttir ráðin til starfa í afgreiðsludeild. Anna Kristín Sigurðardóttir fór í fæðingarorlof í desember 2004. Jóhanna Steingrímisdóttir kom í hennar stað. Anna Jóna Baldursdóttir hóf störf

Í júní 2004 voru 22 starfsmenn í föstu starfi við sjóðinn.

í afgreiðsludeild 1. desember 2004. Svandís Helga Halldórsdóttir, sem áður hafði verið í afleysingum í afgreiðsludeild, hóf störf í lánadeild í september 2004.

Starfsemin.

Í starfi skrifstofunnar vege þyngst tveir málaflokkar: úthlutun lána og innheimta afborgana. Allir starfsmenn sjóðsins taka með einhverjum hætti þátt í þessum meginverkefnum. Önnur verkefni eru: Reikningshald, úthlutun jöfnunarstyrkja, kynning, útgáfa, innra eftirlit, stefnumótun, áætlana og skýrslugerð.


Úthlutun.

Úthlutun lána á námsárinu 2004–2005 fór fram með svipuðum hætti og námsárið á undan. Áfram var lögð áhersla á það að beina sem flestum umsækjendum inn á rafræn samskipti og til að auðvelda þeim það var nýr umsóknarvefur tekinn í notkun á ytri vef sjóðsins. Jafnframt hóf sjóðurinn samstarf við banka og sparisjóði um auðkenningar- og aðgangsstýringarþjónustu þannig að umsækjendur gátu valið að tengjast lánsúmsókn í gegnum heimabanka sinn auk þess sem hægt var að tengjast úmsókn eftir skráningu hjá Form.is. Þann 7. júní 2004 var sent bréf til lánþega námsársins á undan þar sem þeir voru hvattir til að sækja um lán á vef sjóðsins, ætluðu þeir sér á annað borð að sækja um námslán. Þeir sem ekki gátu nýtt sér þá þjónustu gátu nálgast hefðbundið eyðublað í afgreiðslu sjóðsins. Til viðbótar voru send út viðeigandi bréf til þeirra sem: a) gert var ráð fyrir að væru að ljúka námi á skólaárinu 2003–04; b) höfðu sótt um lán á haustönn 2003, en ekki á vorönn 2004; c) áttu að öðru óbreyttu ekki rétt á áframhaldandi lánnum. Uppruni úmsókna á námsárinu skiptist þannig: Bankar og sparisjóðir 18,2%, Form.is 62,4% og pappírúmsóknir 19,4%.

Námsárskipti gengu vel fyrir sig og var námsárið 2004–05 stofnað inn í námslánakerfinu 18. júní 2004. Útreikningur lána hófst síðan 16. júlí 2004 og fylgdi því að venju álag á síma og afgreiðslu. Daginn eftir voru sendar út lánsáætlanir fyrir komandi námsár og skólagjalda- og ferðalán greidd út fyrirfram til annarra en 1. árs nema. Námsmenn gátu framvísað lánsáætluninni í sínum viðskiptabanka og fengið þar fyrirgreiðslu út á væntanlegt framfærslulán. Útborgun framfærslulána vegna haustannar 2004 hófst 21. desember til þeirra námsmanna erlendis sem skilað höfðu umbeðnum gögnum, þ.m.t. námsframvindu. Almenn úthlutun lána hófst svo 6. janúar 2005 til annarra umsækjenda. Útborgun framfærslulána vegna vorannar 2005 hófst 27. maí til námsmanna erlendis, en 30. maí til annarra umsækjenda.

Sjóðurinn fékk sendan námsárangur með rafrænum hætti frá öllum háskólum á Íslandi eða fyrir 7.600 umsækjendum, en starfsmenn sjóðsins þurftu að handskrú námsárangur fyrir 1.160 námsmenn á Íslandi og 2.900 námsmenn erlendis. Úthlutun lána gekk hratt og vel fyrir sig. Þann 7. febrúar 2005 hafði borist námsárangur fyrir 92% umsækjenda á Íslandi og 56% umsækjenda erlendis vegna haustannar 2004 og 16. júní hafði borist námsárangur fyrir 88%

Námsárangur skólaárið 2004-5



umsækjenda á Íslandi og 26% erlendis vegna vorannar 2005.

Álag í afgreiðslu og síma fylgdi misserislokum þegar framfærslulán voru greidd út.

Í nóvember 2004 fengu 9.650 umsækjendur bréf þar sem þeim var bent á að þeir þyrftu að endurskoða tekjuáætlun sína áður en af útborgun haustláns gæti orðið. Umsækjendur voru þar hvattir til að nýta sér rafræn eyðublöð á vef sjóðsins, eins og fyrr á árinu og staðfesta þannig tekjuáætlun sína. Hefðbundin eyðublöð var þó hægt að nálgast í afgreiðslu sjóðsins. Umsækjendur þurftu síðan endanlega að staðfesta tekjuupplýsingar sínar á Íslandi með afriti af skattframtali 2005 og skattframtali erlendis ef eftir því var leitað. Þeir umsækjendur sem töldu fram allar sínar tekjur á vef RSK voru undanþegnir því að leggja fram afrit skattframtals. Sent var út sérstakt bréf 11. mars 2005 til 10.772 umsækjenda vegna skila á skattframtalsupplýsingum.

Til undirbúnings útborgun framfærslulána voru send árituð skuldabréf til útfyllingar til þeirra námsmanna sem voru að sækja um lán í fyrsta sinn eða höfðu gert meira en árshlé á fyrra námi sínu. Jafnframt voru send árituð viðbótarábyrgðarbréf til þeirra sem höfðu ekki nægjanlegar ábyrgðir fyrir væntanlegu námsláni vetrarins og þeim þannig gefinn kostur á að ganga tímanlega frá ábyrgðinni áður en til úthlutunar kæmi. Í nóvember 2004 voru send út 1.996 ný skuldabréf og 582 viðbótarábyrgðir vegna úthlutunar á haustönn og í apríl 2005 voru send út 939 ný skuldabréf og 93 viðbótarábyrgðir vegna úthlutunnar á vorönn.


Eins og undanfarin ár var ákvörðun námsloka og undirbúningur að lokun R-skuldabréfa hafinn með útsendingu á sérstöku tilkynningarbréfi. Að þessu sinni var markhópurinn þeir sem höfðu lokið lánshæfu námi á námsárinu 2003-04 eða síðan þá ekki sent sjóðnum neinar upplýsingar um lánshæfan árangur. Bréfið var sent út 11. nóvember 2004 til 2.131 fyrrum lánþega og þeir upplýstir um væntanleg námslok og upphaf á endurgreiðslum á árinu 2006. Þeir sem höfðu haldið áfram námi voru hvattir til að hafa samband við sjóðinn og fá námslokunum breytt.

Auk venjulegra námslána gátu námsmenn sótt um sérstök lán á markaðskjörum vegna greiðslu skólagjalda. Sjóðurinn reiknaði út sérstaklega greiðslubyrði af slíku láni fyrir umsækjendur og mat ábyrgðir áður en til afgreiðslu þeirra kom.


Gefinn var út bæklingur með úthlutunarreglum sjóðsins ásamt útskýringum og dæmum. Einnig gátu námsmenn fengið sérstakan bækling með þeim lögum og reglugerðum sem gilda um sjóðinn.

Í töfluviðauka er gerð töluleg grein fyrir helstu atriðum úthlutunar. Á námsárinu 2004-2005 voru 11.655 umsækjendur um námslán en 10.962 árið á undan. Þeim fjölgaði um 693 eða 6,3% í stað 943 eða 11,2% árið á undan. Af umsækjendum urðu 9.651 lánþegar eða 82,8% umsækjenda og er það örlítið lægra hlutfall en árið á undan, en hlutfallið hafði verið að hækka undanfarin ár. Lánþegum fjölgaði um 518 frá fyrra ári eða 5,7% á móti 14,2% árið áður. Þeim fjölgaði um 5,9% á Íslandi og þá hlutfallslega svipað bæði í háskóla- og sérnámi, en hafði fjölgað um 16% árið á undan og þá fyrst og fremst í námi á háskólastigi. Á sama tíma fjölgaði lánþegum erlendis um


Fjöldi sem fékk undanþágu frá kröfu um lágmarksárangur, haust 2004



Fjöldi sem fékk undanþágu frá kröfu um lágmarksárangur, vor 2005



Fjöldi lánþega á námsárum



5,0% á móti 9,0% árið áður. Þegar litið er á fjöldatölur lánþega alveg aftur til námsársins 1990-91, kemur í ljós að þeim fækkaði verulega á námsárinu 1992-93 en fjöldinn hélst nokkuð stöðugur eftir það, u.þ.b. 6 þúsund manns eða allt fram til 1999-2000. Síðan þá hefur lánþegum fjölgað um 3.873 eða 67%, þar af hefur þeim fjölgað um 3.285 eða 83% á Íslandi en 588 eða 32% erlendis.

Ef skipting lánþega eftir námsstigi er skoðuð, sést að hlutfall þeirra sem skráðir eru í framhaldsháskólanám hefur hækkað úr 10% í 11,7% milli ára. Hlutfall þeirra sem eru í grunnháskólanámi lækkar úr 76,3% í 74,3% milli ára en hækkar úr 13,7% í 13,9% í sérnáminu. Þessi skipting er með ólíkum hætti hjá námsmönnum erlendis og Íslandi eins og reyndin hefur verið sl. ár. Erendis voru 25,1% þeirra í framhaldsháskólanámi, 56,8% í grunnháskólanámi og 18,1% í sérnámi, en á Íslandi voru ekki nema 7,3% í framhaldsháskólanámi (sem er þó fjölgun um 144 manns milli ára) 80,1% í grunnháskólanámi og 12,5% í sérnámi.

Fjöldi lánþega í foreldrahúsum á Íslandi stóð í stað milli námsára í stað 8,4% fjölgunar árið áður. Barnlausum einstaklingum í leiguhúsnæði/eigin húsnæði á Íslandi fjölgaði um 140 eða 5,4% í stað 12,1% fjölgunar árið áður. Þeim fjölgaði um 68 erlendis eða 4,2% í stað 8,8% árið á undan. Fjölskyldufólki, þ.e. lánþegum með börn á framfæri hélt áfram að fjölga milli ára. Einstæðum foreldrum meðal námsmanna fjölgaði um 26 eða 3% milli ára, sem var nokkru minna en árið áður þegar þeim fjölgaði um 12,5%. Fjölgunin var eingöngu á Íslandi, 4,7% en fækkun um 9,2% erlendis. Lánþegum með börn á framfæri í hjónabandi eða sambúð fjölgaði um 268 eða 10,6%, en þeim hafði fjölgað um 25,6% árið áður. Fjölgunin meðal þeirra var nokkru meiri á Íslandi en erlendis, á Íslandi fjölgaði þeim um 228 eða 11,6%, en erlendis um 40 eða 7,1%. Ástæðan fyrir því að þessum hópi námsmanna hélt áfram að fjölga má m.a. rekja til aukins námsframboðs og breytinga sem áður höfðu verið gerðar á úthlutunarreglunum, þ.e. makatekjur höfðu ekki lengur áhrif á upphæð láns nema í þeim tilfellum þegar sótt var um sérstakt makalán.

Þegar litið er á fjölskylduaðstæður lánþega aftur til ársins 1991, má sjá að innbyrðis skipting þeirra helst nokkuð stöðug allt til ársins 2002, en eftir það verður hin mikla aukning fjölskyldufólks í hópi lánþega á Íslandi áberandi.

Nýnemum í hópi lánþega, þ.e. þeim sem eru að hefja lánshæft nám í fyrsta sinn fækkaði um 67 milli ára eða um 2,8%. Nýnemum erlendis fækkaði um 37 eða 9,2% milli ára miðað við óbreytta stöðu árið á undan, en á Íslandi fækkaði þeim um 30 eða 1,5% í stað 5,2% fjölgunar árið áður. Fjölgun lánþega námsárið 2004-05 virðist því fyrst og fremst skýrast af því að eldri lánþegar eru að hefja nám aftur eftir námshlé.

Heildarupphæð veittrar aðstoðar hækkaði um tæp 7% milli ára á móti tæpri 23% hækkun árið áður. Í námi á Íslandi hækkaði heildarlánaupphæðin um 11,8% en lækkaði um 2,2% erlendis. Meðallán til námsmanna erlendis lækkaði um 6,8%, en það hafði hækkað um 3,8% árið á undan í íslenskri mynt. Upphæð meðallána

til lánþega á Íslandi hækkaði hins vegar um 5,6% í stað 11,1% árið á undan.

Meðallánið á Íslandi var 9% lægra en grunnframfærsla námsmanns á Íslandi, alveg eins og árið á undan en meðallánið erlendis reyndist vera 27% hærra, en var 43% hærra á námsárinu á undan. Þessi munur skýrist m.a. af því að meiri tekjufrádráttur er á lánnum til námsmanna á Íslandi, ýmis viðbótarkostnaður (skólagjöld, ferðalán o.fl.) er mun meiri erlendis en á Íslandi og framfærslan erlendis yfirleitt hærri en á Íslandi. Bilið þarna á milli hefur þó minnkað sl. tvö ár vegna hagstæðrar gengisþróunar, þ.e. sterkri stöðu íslensku krónunnar gagnvart erlendri mynt.

Vegna óvæntra og ófyrirséðra gengisbreytinga á skólaárinu 2004-05 fengu námsmenn erlendis aukalán sem nam ákveðnum hundraðshluta af útreiknuðu framfærsluláni vormisseris 2005. Veitt voru aukalán til 2.121 lánþega að upphæð 22 m.kr.

Heildarlán vegna skólagjalda á námsárinu voru tæpar 794 m.kr. sem er 167 m.kr. hækkun frá fyrra ári eða 26,7%. Skólagjaldalán voru veitt til 1.781 lánþega í stað 1.662 árið á undan, sem er fjölgun um 119 manns eða 7,2%. Meðal skólagjaldalánið var rúmar 445 þús. kr. í stað 377 þús.kr. árið áður, sem er 18,2% hækkun á móti 1,4% lækkun árið á undan.

374 námsmenn erlendis fengu skólagjaldalán eða 44 fleiri en árið áður sem er 13,3% fjölgun. Heildarlán vegna skólagjalda til námsmanna erlendis voru tæpar 346 m.kr., sem er hækkun um rúmar 66 m.kr. eða 23,8%. Meðalskólagjaldalán til lánþega erlendis hækkaði nú í stað lækkunar árin á undan, fór úr 846 þús.kr. í 924 þús.kr. sem var 9,2% hækkun frá fyrra ári.


Þeim sem fengu lán vegna skólagjalda á Íslandi fjölgaði úr 1.332 í 1.407 eða 5,6% frá fyrra ári og heildarlán vegna skólagjalda á Íslandi hækkuðu úr 348 m.kr. í 448 m.kr. sem gerir 29% hækkun. Meðalskólagjaldalánið á Íslandi hækkaði um 22% milli ára, fór úr 260 þ.kr. í 319 þ.kr.

Á námsárinu afgreiddi sjóðurinn lán á markaðskjörum vegna skólagjalda til 113 lánþega, sem er 8,9% fækkun frá fyrra ári og er þar um áframhaldandi fækkun að ræða, hafði fækkað um 10,1% árið á undan. Heildarupphæð markaðskjaralánanna nam 45,9 m.kr í stað 53,5 m.kr. árið áður, sem er 7,6% lækkun. Meðal markaðskjaralánið var 406 þ.kr., en það er 5,8% lækkun frá fyrra ári.


Jöfnunarstyrkur.

Eins og á fyrri námsárum var fast lagt að umsækjendum að sækja um á rafrænu umsóknareyðublaði sem hægt var að nálgast á vef sjóðsins. Hefðbundin umsóknareyðublöð voru þó í undantekningartilfellum send til þeirra sem ekki gátu nýtt sér þessa þjónustu. Umsóknarfrestur var til 31. október vegna haustmisseris 2004 og til 31. janúar vegna vormisseris 2005. Heimilað var þó að taka við umsóknum í mánuð eftir auglýstan umsóknarfrest og skyldu þeir styrkir skertir um 1% fyrir hvern dag fram yfir framangreindan frest.

Fjöldi lánþega eftir kyni og tegund náms




Skólagjaldalán á Íslandi (m.kr.)



7.320 umsóknir bárust vegna námsársins, þar af 3.742 vegna haustmisseris 2004 og 3.936 vegna vormisseris 2005 og voru það 358 umsóknum fleiri en árið áður eða 4,9% fjölgun á móti 1,9% fækkun árið áður. 6.660 umsóknir voru samþykktar eða 86,7% innsendra umsókna í stað 87,8% árið áður og var það fækkun um 238 frá fyrra ári eða 3,7%. Af samþykktum umsóknum voru 4.306 eða 64,7% vegna dvalarstyrks og 2.354 eða 35,3% vegna akstursstyrks, sem var hlutfallsleg tilfærsla upp á 1,6% frá dvalarstyrk til akstursstyrks miðað við síðasta ár. Veittum dvalarstyrkjum fjölgaði um 48 milli ára eða 1,1%, en akstursstyrkjum fjölgaði um 187 eða 8,6%.

Upphæð dvalarstyrks var 90.000 kr. á hvoru misseri og aksturstyrks 51.000 kr. á misseri. Á haustmisseri 2004 voru afgreiddir 2.201 dvalarstyrkir og 1.227 akstursstyrkir. Á vormisseri 2005 voru afgreiddir 2.105 dvalarstyrkir og 1.127 akstursstyrkir.

Fjöldi greiðenda 2004




Innheimta námslána.

Innheimta námslána árið 2004 nam alls 3.593.428 þús.kr. og hækkaði um 9,63% frá árinu 2003, en þá var innheimtan 3.277.594 þús.kr. Innheimta dráttarvaxta nam 74,3 m.kr. sem er 21% hækkun frá innheimtu ársins 2003 en þá voru þeir 61,4 m.kr.

Greiðendum fækkaði um 290 milli ára og voru 27.527. Greiðendum R-lána fjölgaði um 941 í 13.976, greiðendum S-lána fækkaði um 620 í 11.418 og greiðendum V-lána fækkaði um 611 í 2.133. Hlutfall kvenna sem greiðenda var 45,3% af V-lánnum, 54,6% af S-lánnum og 53,4% af R-lánnum. V-lán voru veitt frá hausti 1976 til vors 1982, S-lán frá hausti 1982 til vors 1992 og R-lán frá þeim tíma. Meðalaldur þeirra sem greiða af R-lánnum er 34 ár, 42 ár hjá þeim sem greiða af S-lánnum og 49 á hjá greiðendum V-lána.

Umfangsmiklar tölvuvinnslur eru fólgnar í því að mynda gjalddaga námslána og prenta innheimtuseðla og ítrekanir vegna greiðslna í vanskilum. Myndaðir voru 50.612 gjalddagar á árinu 2004 í reglulegum vinnslum, þar af 25.976 með útsenda greiðsluseðla, 23.164 vegna greiðsludreifingar og 1.472 vegna lögmannsinnheimtu. Þeir skiptust þannig eftir tegund lána og gjalddögum:

Fjöldi skuldunauta 31. desember 2004



Tegund Láns	Gjalddagar	Útsendir seðlar	Greiðslu-dreifing	Lögmannsinnheimta	Alls
R-lán	1.3.2004	6.833	5.770	445	13.048
R-lán	30.6.2004	1.368	150	0	1.518
R-lán	1.9.2004	5.198	5.729	310	11.237
S-lán	1.3.2004	5.307	4.920	328	10.555
S-lán	1.9.2004	4.809	5.013	287	10.109
V-lán	1.7.2004	1.324	816	61	2.201
V-lán	1.11.2004	1.137	766	41	1.944
Alls		25.976	23.164	1.472	50.612

Miðað við árið áður fjölgaði þeim um rúm 2% sem kusu að deila afborgunum námslána niður á fleiri en eina greiðslu. Það voru rúm 45% greiðenda sem nýttu sér greiðsludreifingu viðskiptabanka eða LÍN-greiðsludreifingu, sem er sama hlutfall og árið 2003. Sjóðurinn

býður einnig upp á skuldfærslu í einu lagi á kreditkort og eru það einkum greiðendur búsettir erlendis sem nýta sér þá þjónustu.

Eins og undanfarin ár voru sendar ítrekanir til greiðenda í vanskilum. Ef afborgun er ekki greidd er send ítrekun til greiðanda 20 dögum eftir gjalddaga, til greiðanda og ábyrgðarmanns/manna 40 dögum eftir gjalddaga og lokaviðvörðun 15 dögum síðar. Alls voru sendar 16.903 til námsmanna vegna fastrar og/eða tekjutengdrar afborgunar á árinu 2004, sem er fækkun um 12,66% frá árinu 2003, þar af 8.393 sem fyrsta ítrekun, 5.308 sem önnur ítrekun og 3.202 sem lokaviðvörðun.

Í ákveðnum tilvikum kunna greiðendur að eiga rétt á undanþágu frá endurgreiðslum námslána. Almenn skilyrði eru þau að tekjur hafi verið lágar og að það stafi af tilteknum ástæðum, s.s. námi, örorku, atvinnuleysi eða veikindum. Einnig er heimilt að veita undanþágu ef hagir lánþega breytast verulega, þó svo hann sé yfir tekjumörkum. Á árinu 2004 voru veittar 1.288 undanþágur frá endurgreiðslu námslána miðað við 1.079 árið áður. Ástæður veittra undanþága sjást á meðfylgjandi yfirliti.

	2004		2003	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Nám	767	59,5%	647	60,0%
Örorka	253	19,6%	218	20,2%
Atvinnuleysi	155	12,0%	132	12,2%
Veikindi	79	6,1%	66	6,1%
Slys	1	0,1%	0	0,0%
Umönnun barna / þungun	20	1,6%	11	1,0%
Fangelsisvist	4	0,3%	1	0,1%
Aðrir fjárhagsörðugleikar	1	0,1%	1	0,1%
Skyndileg og veruleg breyting	8	0,6%	3	0,3%
	1.288		1.079	


Eftirstöðvar V-lána voru um áramót 1.529 m.kr. og lækkuðu um 437 m.kr. á árinu. Eftirstöðvar S-lána voru 25.701 m.kr. og lækkuðu um 480 m.kr. á árinu. Eftirstöðvar R-lána voru 42.378 m.kr. og hækkuðu um 6.218 m.kr. á árinu. Heildarskuld vegna þessara þriggja lánaflokka er 69.609 m.kr. sem er hækkun um 5.300 milljónir milli ára. Í afskriftarsjóði eru 8.800 m.kr. sem er hækkun um 400 milljónir milli ára.

Upplýsingar um skuldastöðu um áramót og greiðslur ársins voru sendar til 36.864 lántakenda og jafnframt voru upplýsingar sendar til RSK sem forskráði skuldastöðu og vaxtagreiðslur á skattframtöl.


Alls voru raunafskriftir sjóðsins á árinu 333,5 m.kr., þar af 311 m.kr. vegna 20 ára reglu V-lána, en eftirstöðvar þessa lánaflokks falla niður þegar greitt hefur verið af slíku láni í 20 ár. Rúmar 22 m.kr. voru afskrifaðar vegna andláts lánþega, en ógjaldfallnar eftirstöðvar námslána falla niður við fráfall greiðanda. Alls nema raunafskriftir sjóðsins, á verðlagi hvers árs 1.397 m.kr., þar af 335 m.kr. vegna andláts lánþega og 1.004 m.kr. vegna 20 ára reglu V-lána.

Meðaltekjur greiðenda R-lána árið 2003 vegna afborgana ársins 2004 voru 2.923.684 kr, S-lána 3.547.632 kr og V-lána 3.968.544. Milli ára hækkuðu tekjur greiðenda R-lána um 3,1%, S-lána um 5,6% og V-lána um 2,7%.

Vanskil V-lána án dráttarvaxta námu 40 milljónum króna og



Árlegar afborganir á verðlagi ársins 2004 (m.kr.)



lækkuðu um 7,8 milljónir. Vanskil S-lána námu 192,2 milljónum króna og lækkuðu um 24,3 milljónir og vanskil R-lána námu 190,8 milljónum og lækkuðu um 26,5 milljónir. 47,3% vanskila V-lána eru vegna gjaldfallinna greiðslna á árinu 2004, 33% S-lána og 53% R-lána.

Árlega fær sjóðurinn upplýsingar frá Ríkisskattstjóra um tekjur þeirra greiðenda af námslánum sem búsettir eru á Íslandi, en greiðendur búsettir erlendis verða á hinn bóginn sjálfir að koma staðfestum tekjuupplýsingum til sjóðsins. Ef upplýsingar um tekjur greiðenda bárust ekki tímanlega voru þær áætlaðar af sjóðnum, að þessu sinni annað hvort 6,0 m.kr. eða tvöfaldar eftirstöðvar námslánsins, eftir því hvor fjárhæðin var hærrí. Í júlíbyrjun 2004 var sent bréf til þeirra greiðenda sem áttu lögheimili erlendis 1. desember 2003 og óskað eftir upplýsingum um tekjur þeirra. Send voru bréf til um 3.400 einstaklinga. Alls sendu rúmlega 2.800 manns inn upplýsingar um tekjur sínar árið 2003.

Tölvumál.

Rafræn lánsúmsókn.

Með nýju námsári í byrjun júní var boðið upp á rafrænt úmsóknarform á vefnum sem leysti rafrænu úmsóknina hjá Form.is af hólmi. Eins og gilti um aðrar nýjungar á LÍN-vefnum var nýja úmsóknin sett upp af starfsmönnum Hugar hf. og var hún beintengd gangnagrunni LÍN. Lögð var áhersla á að formið tæki mið af stöðu úmsækjandans, t.d. hvort um grunn- eða framhaldsúmsókn var að ræða. Leitast var við að birta þekktar persónuupplýsingar og sýna í fellilistum valkvæðar forsendur. Upplýsingar í “frjálsum” skráningarsvæðum voru villuprófaðar og þannig reynt að auðvelda og hjálpa til við útfyllingu úmsóknarinnar, auk þess að tryggja skjóta og örugga úrvinnslu í lánasjóðskerfinu.

Markviss undirbúningur hófst í febrúar og þó að opnun úmsóknarinnar væri í júní lauk verkefninu ekki fyrr en í ágúst með áfanga sem tengdist úrvinnslu úmsókna. Rafræna úmsóknin krafðist nákvæmrar kortlagningar á hinum ýmsu ferlum sem fara í gang þegar úmsókn er skráð, s.s. athugun á því hvort úmsækjandi er íslenskur ríkisborgari, hvort hann uppfyllir skilyrði um búsetu, hvort hann hefur áður fengið lán (og þá hver staða þeirra er) og hvort viðkomandi er á vanskilaskrá. Einnig reyndist nauðsynlegt að yfirfara vel “sjálfvirkar” bréfaútsendingar, þ.e. fylgiskjalabeiðni og orðsendingar. Áhersla var lögð á gagnaöryggi og persónuvernd. Áfram var haft samstarf við Form.is við auðkenningu inn á úmsóknarformið, en jafnframt boðið upp á tengingu inn á úmsóknina úr heimabanka Landsbanka Íslands.

Á starfsmannavef voru samhliða rafrænu úmsókninni settar upp yfirlits-, eftirlits- og skráningarmyndir. Á síðunni “Móttaka úmsókna” mátti t.d. fá yfirlit yfir móttæknar úmsóknir, úmsóknir á villu og úmsóknir sem biðu flutnings inn í sjálft úrvinnslu- eða útlánakerfið. Gert var ráð fyrir að úmsóknir væru fluttar þangað daglega, þ.e. ef allt var í lagi. (Ef námsmaðurinn átti t.d. lokaðan eldri námsferil í sama námi og hann var að sækja um lán til fluttist úmsókn hans

Lögð var áhersla á að nýtt rafrænt úmsóknarform tæki mið af stöðu úmsækjandans, t.d. hvort um grunn- eða framhaldsúmsókn var að ræða.

ekki inn í útlánakerfið fyrr en starfsmaður hafði yfirfarið umsóknina og ákveðið hvort opna ætti gamla ferilinn eða skrá nýjan.) Á síðunni “Staða umsókna” var hægt að sjá þær athugasemdir eða beiðnir sem stoppuðu vinnslu umsókna, útreikning eða úthlutun námslána, svo og nálgast umsækjendur eftir námslöndum og móttökudögum umsókna.

Á öðrum stað á starfsmannavefnum var gefinn kostur á að skoða tiltekinn umsækjanda og athuga hvort umsókn hans væri í lagi eða hvort einhverjar athugasemdir eða fylgiskjöl væru útistandandi. Á almennum skráningarsíðum var hægt að draga umsókn til baka, breyta húsnæði, skrá námshlé, aðild að námsmannasamtökum, síma/netfang, umboðsmann og ábyrgðarmenn. Í svokallaðri kostnaðarmynd voru skráðar upplýsingar um ferðalán erlendis, skólagjöld og meðlagslán. Breytingar á námi voru gerðar í myndinni “Nýskrá umsókn”, þ.e ef námi var breytt fyrir allt námsárið. Ef breyta átti einni önn var það á hinn bóginn áfram gert í “gamla kerfinu”. Það var jafnframt áfram notað til að skrá og móttaka skuldabréf, E-bréf, fylgiskjalabeiðnir og upplýsingar um námsuppbýggingu og námsframvindu (sbr. svokallaða skólanámstöflu).

Mitt svæði.

Einkasvæði fyrir umsækjendur um námslán og jöfnunarstyrk var sett upp á vefnum 23. september. Tenging inn á þetta svæði, sem fékk nafnið “Mitt svæði”, var sett upp á heimasvæði sjóðsins (www.lin.is), en til að komast þaðan inn á “Mitt svæði” var nauðsynlegt að hafa aðgangsheimild hjá Form.is eða heimabankaaðgang hjá Landsbanka Íslands eða KB-banka. Fljótlega eftir þetta var einnig farið að bjóða upp á heimabankaaðgang hjá Íslandsbanka og sparisjóðunum. Allir umsækjendur um námslán og jöfnunarstyrk fengu þar með, nánast frá byrjun, greiðan aðgang að “Mínu svæði” hjá LÍN, annað hvort úr heimabanka sínum eða með auðkenningu hjá Form.is. Svokölluð flýtskráning hjá Form.is nægði áfram til að sækja rafrænt um námslán og jöfnunarstyrk.

Á “Mínu svæði” gátu lánþegar í byrjun séð lánsáætlun, greiðslufirlit og lánsúmsókn sína. Þeir sem sóttu um á pappír gátu einnig farið inn á svæðið, en fengu þó greiðslumiða og lánsáætlanir áfram sendar í bréfapósti. Jafnframt voru samsvarandi upplýsingar áfram sendar inn á NetBoxið hjá Form.is. Svæðið var svo bætt og lagfært á árinu, t.d. í nóvember þegar eyðublað eða form fyrir endanlega tekjuáætlun námsmanna var sett upp, en skil á henni var forsenda útborgunar eftir haustmisserið.

Við innleiðingu “Míns svæðis” var þess gætt að starfsmenn LÍN kæmust inn á svæðið af starfsmannavef sjóðsins. Notkun NetBoxins, sem starfsmenn LÍN höfðu ekki aðgang að, hafði leitt í ljós nauðsyn þess að þeir hefðu greiðan aðgang að þeim upplýsingum og skráningarmyndum sem blöstu hverju sinni við notendum svæðisins. Þegar viðskiptavinir leituðu eftir aðstoð starfsmanna auðveldaði þetta allar útskýringar, en skipti einnig miklu máli m.t.t. eftirlits og áframhaldandi þróunar svæðisins.

Allir umsækjendur um námslán og jöfnunarstyrk fengu þar með, nánast frá byrjun, greiðan aðgang að “Mínu svæði” hjá LÍN, annað hvort úr heimabanka sínum eða með auðkenningu hjá Form.is.

Á skólaárinu var unnið að því að koma öllum nauðsynlegum fylgiskjalabeiðnum og bréfum yfir í CR-kerfið.

Útsendingamál.

Með nýju námsári 2004-2005 var farið yfir fylgiskjalabeiðni og bréf í námslánakerfinu, textar endurskoðaðir, nokkrar beiðni sameinaðar og nýjar stofnaðar. Í gamla LÍN-kerfinu var fjöldi orðsendinga orðinn úreltur, en það voru stutt skilaboð til námsmanna sem starfsmönnum var boðið að panta úr skjámyndum. Þær sem fyrst og fremst var verið að nota tengdust athugasemdum vegna skráningar skuldabréfa. Stórt skref til að koma þessum málum í viðunandi horf var innleiðing svokallaðrar útgáfustýringar í Crystal Report kerfinu (CR-kerfinu) í lok september. Hún fól í sér að hægt var að breyta og lagfæra texta sniðmáta og jafnframt varðveita eldri útgáfur. Þar með var tryggt að sjá mátti á starfsmannavef hvaða texti hafði verið notaður eða sendur hverju sinni.

Á skólaárinu var unnið að því að koma öllum nauðsynlegum fylgiskjalabeiðnum og bréfum yfir í CR-kerfið. Tilkynningar og beiðni sem nota átti námsárið 2005-2006 voru þannig skilgreindar að nýju og stofnaðar sem CR-skjöl í “nýja kerfinu”. Eftir stofnun þeirra gátu starfsmenn svo breytt og bætt við skilgreiningum og handpantað beiðni þar sem það átti við í skráningarmyndum, t.d. í móttökumynd skuldabréfa ef eitthvað vantaði upp á útfyllingu skuldabréfs.

Færsla skuldabréfa, viðbótarábyrgðabeiðna, greiðslumiða til lánþega og tilkynninga til ábyrgðarmanna yfir í CR-kerfið fékk forgang skólaárið 2004-2005 og var í raun rökrétt afleiðing samkomulags um bankaábyrgðir og innleiðingar G-lána í stað R-lána. Jafnframt voru tilkynningar um frágang skuldabréfa og greiðsluyfirlit við námslok færð yfir í CR-kerfið. Forprentun megintexta þessara skjala var þar með hætt og útprentun þeirra færð af “gömlum” strimla- og nálaprenturum yfir á laserprentara.

Eftir nauðsynlegar texta- og útlitsbreytingar hófst útprentun nýju skuldabréfanna (G-bréfa) í byrjun janúar 2005 svo og nýrra greiðslumiða og tilkynninga til ábyrgðarmanna. Prentun skuldbreytingarbréfa hófst um miðjan mars og fyrstu viðbótarábyrgðarbeiðnirnar voru tilbúnar í byrjun maí. Því fylgdi mikið hagræði að útsending vegna viðbótarábyrgðar var nú höfð á einu blaði, auk þess sem birtar upplýsingar voru fyllri en áður. Til dæmis var tilefni viðbótarábyrgðar tilgreint á hverju bréfi fyrir sig, en áður hafði einungis fylgt sama leiðbeiningin til allra. Fyrstu tilkynningar um frágang skuldabréfa ásamt yfirliti við námslok yfir greiðslur inn á skuldabréf voru svo pantaðar frá CR-kerfinu í lok maí 2005. Fyrst eftir þetta var farið að undirbúa af krafti yfirfærslu bréfa og tilkynninga í CR-kerfið sem tilheyrðu innheimtu sjóðsins.

Eins og undanfarin ár tengdust stóru einstöku útsendingar lánasjóðskerfisins beiðni um endanlega tekjuáætlun og beiðni um framtalsupplýsingar. Sú fyrrnefnda fór til 9.650 umsækjenda vegna haustútborgunar, þar af til 9.388 í tölvupósti. Alls 10.772 fengu á hinn bóginn hefðbundið bréf vegna skattframtalsupplýsinga í byrjun mars: 1.816 barnlausir í leiguhúsnæði á Íslandi, 6.356 aðrir búsettir á Íslandi og 2.600 búsettir erlendis.

Bankaábyrgdir og skuldabréf.

Það að umsækjendum var boðið að tryggja lán sín með bankaábyrgð eða ábyrgðarmanni krafist umtalsverðrar forritunarvinnu. Breyta þurfti umsóknarformum og gera ráð fyrir móttöku á sérstakri ábyrgðaryfirlýsingu (-skírteini) frá banka fyrir hvert skólaár með gildistíma í 15 ár. Ábyrgðarfjárhæð fór eftir útborgun á árinu og fyrir útsendingu og undirritun skuldabréfs þurfti að prenta nafn banka sem ábyrgðaraðila á bréfið. Við útborgun námsláns þurfti síðan að innheimta og koma ábyrgðargjaldi (2,5% lánsfjárhæðar) og afgreiðslugjaldi til banka og gera grein fyrir gjöldunum á greiðslumiða og í skjámyndum.

Ákveðið var að búa til nýjar yfirlitssíður á starfsmannavefnum, svo og síður til móttöku skuldabréfa, viðbótarábyrgða og E-bréfa. Auk þess að tryggja að vinnsluferfið réði við skuldabréfavinnslur með bankaábyrgð var leitast við að lagfæra og betrubæta kerfið vegna húsnæðisveða og undanþága, t.d. vegna búsetu erlendis, vegna vanskila og ábyrgðarmanna sem voru erlendir ríkisborgarar.

Fyrstu skuldabréfin með bankaábyrgð voru prentuð og móttokin í janúar 2005. Nýja móttökumyndin byggði á myndinni "Tilnefnd ábyrgð" sem áður hafði verið sett upp á starfsmannavefnum. Í framhaldinu var síðum komið fyrir til að stofna og móttaka viðbótarábyrgðir. Ef allt var í lagi þegar tekið var við undirrituðu skuldabréfi nægði að skrá kennitölu ábyrgðarmanns til að staðfesta móttöku bréfsins.

Vikulega voru sendir listar í banka vegna umsókna um bankaábyrgðir, annars vegar yfir þá sem höfðu sótt um bankaábyrgð og hins vegar yfir ábyrgðar- og afgreiðslugjald af lánum sem búið var að borga út. Til að vinna þessa lista voru notuð pivotskjöl. Á yfirlitsmynd á starfsmannavef var hægt að nálgast yfirlit yfir skráð skuldabréf (grunnskuldabréf og viðbótarábyrgðir), athugasemdir og flest það annað sem viðkom skuldabréfum, t.d. ef viðkomandi námsmaður var með útistandandi E-bréf.

Nýjar síður á starfsmannavef til móttöku og úrvinnslu skuldabréfa og viðbótarábyrgða voru settar upp 30. maí. Þannig var síðan "Eftirlit skuldabréfs" tekin í notkun samhliða nýjum námsáraskiptum á árinu 2005. Viss forritun tengd skuldabréfunum reyndist vandasamari en áætlað var, s.s. vegna niðurfærslu og "lokunar" á áður veittum ábyrgðum eftir samþykkt bankaábyrgðar, svo og vegna andláts ábyrgarmanns og vegna vanskila. Eftir þetta var hægt að sýna niðurfærða ábyrgð á á útsendum beiðnum um viðbótarábyrgðir.

Vanskilaskrá Lánstrausts.

Á grundvelli samstarfssamnings gátu starfsmenn LÍN fylgst með hvort námsmenn eða ábyrgðarmenn voru á vanskilaskrá Lánstrausts, en í framkvæmd var eftirlitið ekki að ganga sem skyldi þar sem nýir lántakendur og ábyrgðarmenn voru ekki teknir nógu ört inn á vanskilavaktina. Það var því nokkur handavinna fólgin í því hjá LÍN að bæta við og taka fólk af skránni. Jafnframt var það galli

Fyrstu skuldabréfin með bankaábyrgð voru prentuð og móttokin í janúar 2005.

